

Nd.

81. Frumvarp til laga

[65. mál]

um samþykktir um friðun rjúpu.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykkt um að alfriða rjúpu innan héraðs um lengra eða skemmra árabíl. Geta fleiri sýslunefndir en ein gert sameiginlega samþykkt, ef landshættir eru slíkir, að þær telji það nauðsynlegt.

2. gr.

Þegar sýslunefnd eða sýslunefndir vilja nota sér ákvæði laga þessara, skal frumvarp til samþykktar fyrst rétt á sýslufundi, eða sýslufundum, ef fleiri sýslur en ein eru saman um samþykkt. Síðan skal hlutaðeigandi sýslumaður eða sýslumenn boða til fundar með 14 daga fyrirvara allar hreppsnefndir á fyrirhuguðu samþykktarsvæði og leggja frumvarpið fyrir þann fund. Sé það samþykkt óbreytt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, skal það sent til dómsmálaráðherra til staðfestingar. En sé því breytt á fundinum, ber að leggja breytingarnar fyrir sýslunefnd að nýju. Sé þá frumvarpið samþykkt óbreytt, sendir sýslunefnd það til staðfestingar. En ef sýslunefnd breytir því aftur, biður það til næsta árs, og ber þá að leggja það á sama hátt fyrir fund hreppsnefndanna.

Samþykktarfundur hreppsnefndarmanna er í þessu máli því aðeins lögmætur, að á fundi sé meira en helmingur þeirra hreppsnefndarmanna, sem eru á svæðinu.

3. gr.

Í samþykkt skal ákveða um þessi atriði:

1. Yfir hvaða svæði friðunin nær.
2. Hve lengi friðun á að standa, og hvernig skal með fara um veiði og veiði-aðferðir, þegar friðunartímanum lýkur.
3. Hverjir skuli hafa eftirlit með því, að samþykktin sé haldin, og hvaða viðurlögum skuli beita, ef út af er brugðið.
4. Hvaða rétt einstakur landeigandi eða upprekstrarfélag, sem á afréttarland, hefur varðandi rjúpnaveiði.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum og samþykkt, sem á þeim er byggð, skal fara sem almenn lögreglumál. Í samþykkt má ákveða sektir gegn brotum allt að 10 þús. krónum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um það hefur oft verið deilt, hve langt eigi að ganga í því að leyfa rjúpnadráp, og einnig, hver áhrif það hafi á stofninn. Hefur reynslan sýnt, að á Alþingi gengur illa að ná samkomulagi um viðunandi lagasetningu á því efni, því að margvísleg annarleg sjónarmið gripa inn í. Þeir athurðir gerast líka nokkuð oft, að rjúpnadráp er rekið sem þjófnadur, þannig að óviðkomandi menn vaða leyfislaut um lönd einstaklinga og héraða, og eru mörg dæmi um slíkt virðingarleysi fyrir eignarrétti landeigenda á fleiri sviðum.

Þeir, sem hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði, eru fyrst og fremst þeir, sem rjúpnalöndin eiga. Má og æila, að þeir hafi réttari skilning á málinu en aðrir, sem meta það úr fjarlægð. Þess vegna þykir flutningsmanni þessa frumvarps rétt að færa valdið á þessu sviði yfir í hendur héraðsstjórnanna, og gæti farið vel á því, að svo væri gert á fleiri sviðum.

Einstakar greinar frumvarpsins munu skýrðar í framsögu.